



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 11.12.2019

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 11. desember 2019 varðandi eftirfarandi mál.

Götu- og torgsala

Lögð fram endurskoðuð samþykkt um götu og torgsölu í Reykjavík, dags. 10. desember 2019.

Samþykkt.

Visað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: endurskoðuð samþykkt um götu og torgsölu í Reykjavík, dags. 10. desember 2019.

Samþykkt um götu- og torgsölu í Reykjavík

1.gr.

Almennar forsendur

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (USK) fer með umsjón götu- og torgsölu og sér um leyfisveitingar, eftirlit og upplýsingagjöf í umboði borgarráðs.

Sérstök nefnd, götu- og torgsölunefnd, skipuð af skrifstofustjóra skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins (SRU), skal fara með málefni götu- og torgsölu f.h. borgarráðs á grundvelli samþykktar þessarar.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt borgarlandið og er ætlað að stuðla að því að sölustarfsemin sé í sátt við nærumhverfi sitt og að upplýsingar séu aðgengilegar og gagnsæjar.

Áður en götu- og torgsölunefnd afgreiðir leyfi skv. samþykkt þessari skal liggja fyrir sérstakt afnotaleyfi SRU fyrir afnotum af viðkomandi svæði á borgarlandi.

Götu- og torgsala tekur til tímabundinnar sölustarfsemi sem fer fram á borgarlandi skv. samþykkt þessari, s.s. á torgum, götum, gangstéttum og í almenninggörðum.

Götu- og torgsala er leyfisskyld og eru leyfi gefin út í tilgreindan tíma af SRU fyrir hönd USK.

Undir götu- og torgsölu fellur ekki námskeiðshald, kennsla, kynningar, sýningar, minniháttar góðgerðasala og viðburðir, hvort sem er í vögnum, bílum, gámum eða undir beru lofti.

Ávallt skal:

- Tryggja örugga og greiðfæra umferð vegfarenda.
- Tryggja aðgengi viðbragðsaðila, s.s. lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga, og að þeir hafi þar ávallt greiðan aðgang og viðunandi starfsskilyrði.
- Gæta hreinlætis og sjá til þess að umhverfi sölusvæðis sé snyrtilegt og úrgangur sé flokkaður og honum fargað á endurvinnslustöð.
- Afla tilskilinna leyfa heilbrigðiseftirlits vegna sölu matvæla.

Götu- og torgsala getur m.a. farið fram í:

- Sölubifreið
- Söluvagni
- Söluskála, tjaldi, sölubás
- Opnu rými undir berum himni, t.d. á borði, undir sóhlíf, á teppi eða sambærilegu.

Söluaðstaða flokkast eftir tegund, stærð og þyngd (sjá töflu 1. „Flokkun söluaðstöðu“ í gr. 3.2) og takmarkast staðarval skv. flokkuninni. Leyfisveiting byggist einnig á mati umsóknna þar sem gerð er grein fyrir sölustarfsemi, vöruframboði og útliti söluaðstöðu. Lögð er áhersla á fjölbreytileika á hverju sölusvæði. Meginreglan er að sölubifreiðar séu í bílastæðum en söluvagnar og önnur söluaðstaða á torgum, gangstéttum og í almenninggörðum.

Á sölusvæði er hvorki gert ráð fyrir tengingum við fráveitu né vatnsveitu. Á einstaka sölusvæðum er boðið upp á tengingu við rafveitu og er áætluð notkun greidd skv. gjaldskrá.

2. gr.

Svæðaskipting götu- og torgsölu og afnot af borgarlandi

Borgarlandinu er skipt upp í kjarna miðborgar og tíu hverfasvæði utan við kjarnann (sjá kort í fylgiskjali 1).

Innan kjarna miðborgar er eingöngu hægt að sækja um á fyrirfram skilgreindum sölusvæðum (sjá kort í fylgiskjali 2). Á hverfasvæðum eru engin skilgreind sölusvæði og er umsækjendum heimilt að koma með tillögur að svæðum. Undantekning frá þessu er að söluaðilar með litla og sjálfbæra söluaðstöðu geta gert tillögur að öðrum sölusvæðum en tilgreind eru í samþykktinni. Götu- og torgsölunefnd er heimilt að samþykkja tillögur um önnur sölusvæði til reynslu í tiltekinn tíma.

Lágmarksfjarlægð frá inngangi næsta rekstraraðila skal vera a.m.k. 20 m í kjarna miðborgar. Meginreglan er að fjarlægð söluaðstöðu skuli vera 50 m frá sambærilegum rekstri innan hverfasvæða.

3. gr.

Umsóknarferli, málsmeðferð og valkostir

- Umsækjandi um götu- og torgsöluleyfi getur nálgast upplýsingar á vefslóðinni: www.reykjavik.is/thjonusta/gotu-og-torgsala
- Leyfisveitandi auglýsir á heimasíðu borgarinnar, eigi síðar en 1. febrúar ár hvert, hvenær opnað verður fyrir umsóknir um götu- og torgsöluleyfi fyrir komandi starfsár sem hefst 15 maí.
- Sótt er um leyfi í gegnum Mínar síður á Rafrænni Reykjavík á heimasíðu Reykjavíkurborgar.
- Handhafi götu- og torgsöluleyfis skal uppfylla ákvæði laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu.
- Umsækjandi sem selja vill matvæli skal sækja um starfsleyfi til heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur skv. lögum um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum.
- Umsækjandi sem selja vill merkingarskylda efnavöru s.s. snyrtivörur skal sækja um söluleyfi til Umhverfisstofnunar.
- Afgreiðslutími umsókna er allt að tvær vikur.

Leyfi um götu- og torgsölu skv. samþykkt þessari gildir ekki á hátíðum sem fara fram í miðborgarkjarna borgarlandsins, s.s. 17. júní, Menningarnótt og Reykjavík Pride.

3.1. Markaðssala – einyrkjar

Hægt er að sækja um tímabundin söluleyfi sem gilda frá 1. hvers mánaðar á skilgreindum markaðssvæðum á tímabilinu 1. mars – 30. nóvember. Sala er heimiluð frá kl. 09:00 – 21:00. Sækja þarf um leyfi fyrir tvo mánuði að lágmarki og skal leiga greidd fyrir undirritun samnings.

Eftirfarandi svæði eru skilgreind sem markaðssvæði: Bernhöftstorfa, Lækjartorg, Ingólfstorg og Frakkland (garður efst á Frakkastíg), og getur leyfishafi flutt sig milli þessara staða að vild.

Leyfishafa er gert skylt að víkja séu afnotaleyfi veitt vegna stærri viðburða á ofangreindum svæðum, með vísan til 7. gr. 5. mgr. samþykktar þessarar.

Umsækjandi sem fær vilyrði úthlutunarnefndar fyrir leigu á sölusvæði fær senda kröfu fyrir leigugjaldi sem greiða skal innan þrjátíu daga. Berist leigugjald ekki innan tilskilins frests fellur vilyrði niður.

Óskir um framlengingu sendist á torgsala@reykjavik.is fyrir 15. hvers mánaðar.

Settir eru fyrirvarar um að merkingar á söluaðstöðu og sölusvæði séu í fullu samræmi við umfang og eðli sölustarfseminnar.

3.2. Dag- og nætursala

Starfsár nætur- og dagsölu er tólf mánuðir og hefst 15. maí ár hvert og miðast, gjaldskrá við sama tímabil.

Frá og með fyrirfram auglýstum degi og tímasetningu (sbr. 2. mgr. 3. gr.) er hægt að sækja um sölusvæði fyrir komandi starfsár, opið er fyrir umsóknir frá og með sama degi út allt n.k. starfsár.

Sækja þarf um söluleyfi fyrir tvo mánuði að lágmarki sem gilda frá 1. hvers mánaðar.

Úthlutun tekur mið af eftirtöldum atriðum:

- Kröfu um fjölbreytileika og mismunandi framboð á vöru og þjónustu. Götu- og torgsölunefnd áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um að fjölbreytt úrval vöru og þjónustu sé á hverju sölusvæði fyrir sig.
- Útliti og hvernig söluaðstaða fellur að nærumhverfi. Líkt og kveðið er á um í 1. gr. samþykktarinnar áskilur götu- og torgsölunefnd heimild til að meta ásýnd söluvagna/bifreið, svo að hún samrýmis nærumhverfinu.
- Góða reynslu af sambærilegri starfsemi. Rekstraraðili með reynslu af sambærilegri starfsemi er hvattur til að sýna fram á, og staðfesta reynslu sína. Götu- og torgsölunefnd áskilur sér rétt til að staðfesta framlögð gögn.

Götu- og torgsölunefnd hefur heimild til að hafna umsókn um dag- og nætursölu á grundvelli framanlagðra þátta.

Í umsókn skal tilgreina ósk um staðsetningu og nákvæmar upplýsingar um söluvagn/bifreið:

- Stærð,
- Þyngd,
- staðsetningu söluops,
- orkugjafa,
- raforkuþörf sölustarfseminnar (kW), þar sem við á,
- myndir af söluaðstöðu,
- mynd af sölusvæði þegar sótt er um hverfasvæði,
- tilgreina hvort vagn sé búinn sjálfkeyribúnaði,
- tilgreina eftir því sem við á tegund og þyngd dráttarþreifreiðar.

Umsækjandi sem fær viljrði úthlutunarnefndar fyrir leigu á sölusvæði fær senda kröfu fyrir leigugjaldi sem greiða skal innan þrjátíu daga. Berist leigugjald ekki innan tilskilins frests verður svæðinu úthlutað að nýju.

Umsóknum án tilskilinna gagna og leyfa er hafnað.

Leyfisveitanda er heimilt að fella leyfi úr gildi hafi leyfishafi ekki hafið sölustarfsemi innan mánaðar frá upphafi leigutímabils.

Leyfisgjöld ákvarðast skv. gjaldskrá sem endurskoðast árlega.

Tafla 1 - Flokkun söluaðstöðu:

Söluaðstaða í vélknúnu ökutæki*			
Flokkur	Hámarksstærð	Heildarþyngd	Athugasemdir
A	350x160 cm	<1000 kg	
B	800x255 cm		Aðeins í boði utan miðborgarkjarna.

Söluaðstaða önnur en vélknúð ökutæki			
Flokkur	Hámarksstærð**	Heildarþyngd	Athugasemdir
C	350x160 cm	<1000 kg	T.d. vagn, kerra, hjól, skáli, tjald, sölubás, borð.
D	350x255 cm	<3500 kg	
E	450x255 cm	<3500 kg	
F	800x255 cm		Aðeins utan miðborgarkjarna á bílastæðum.

* Skv. reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 82/2004.

www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/82-2004

** Stærð án dráttarbeislis.

3.2.1 – Dagsölusvæði

Eftirfarandi svæði innan miðborgarkjarna eru skilgreind sem dagsölusvæði. Sala er heimiluð frá kl. 09:00 – 21:00.

- Skólavörðuholt – 1 sölusvæði (A, C og D).
- Frakkland – 1 sölusvæði (A, C og D). Öll umferð dráttarbíla bönnuð.
- Mæðragarður – 2 sölusvæði (A, C og D).
- Hlemmur – 2 sölusvæði (A, C og D).
- Arnarhóll – 1 sölusvæði (A og C).
- Kalkofnsvegur – 1 sölusvæði (A, C og D).
- Vitatorg – 4 sölusvæði (A, C og D).
- Bernhöftstorfa – 2 sölusvæði (A og C). Öll umferð dráttarbíla bönnuð.
- Fógetagarður – 3 sölusvæði (A og C). Öll umferð dráttarbíla bönnuð.

Staðsetning sölusvæða er skv. teikningum í fylgiskjali 2.

Staðsetningar innan sölusvæða er skv. teikningum í fylgiskjali 3.

3.2.2 – Nætursala

Hægt er að sækja um söluleyfi fyrir söluaðstöðu á Lækjartorgi. Um er að ræða sex sölusvæði. Sala er heimiluð frá kl. 22:00 – 05:00.

Á svæðinu er heimilt að vera með söluaðstöðu í flokkum A, C, D og E.

Staðsetning sölusvæða er skv. teikningu í fylgiskjali 3.

3.2.3 – Hverfasvæði

Allt að fimm söluaðilar geta samtímis verið með leyfi á sama hverfasvæði. Sala er heimiluð frá kl. 09:00 – 21:00.

Söluaðilum er frjálst að sækja um staðsetningu innan hverfasvæðis í samræmi við gildandi deiliskipulag. Meginreglan er að fjarlægð söluaðstöðu skuli vera 50 m frá sambærilegum rekstri. Götu- og torgsölunefnd skal samþykkja allar staðsetningar.

Sækja þarf um leyfi fyrir þrjá mánuði að lágmarki og skal leiga greidd fyrir undirritun samnings.

Á hverfasvæði er heimilt að vera með söluaðstöðu í flokkum A, B, C, D, E og F.

Söluaðstaða skal falla vel að nærumhverfi og vera samþykkt af götu- og torgsölunefnd.

3.2.4 – Sumarsala

Sumarsala fer fram á skilgreindum svæðum í almenningsgörðum skv. fylgiskjali 3. Öllum er heimilt að sækja um leyfi fyrir sumarsölu, óháð fjölda ársleyfa.

Sala er heimiluð frá 15. maí til 15. september.

Sumarsala er einungis heimiluð fyrir söluaðstöðu í flokkum A og C.

4. gr.

Skyldur leyfishafa - Umgengni

Eftirfarandi kröfur eru gerðar til leyfishafa:

- Umhverfi sölusvæðis skal haldið hreinu þ.m.t. hvað varðar rusl og annan óþrifnað sem á uppruna sinn á útveitingasvæðinu og borist hefur í næsta nágrenni.
- Úrgangur skal flokkaður og honum fargað á endurvinnslustöð.
- Leyfishafi skal ávallt skila sölusvæði í sama ástandi og hann tók við því. Skemmdir á umhverfi sölusvæðis af völdum leyfishafa verða lagfærðar af USK á kostnað viðkomandi leyfishafa.
- Fjarlægja skal söluaðstöðu ásamt öllum aðfluttum búnaði og sorpi af sölusvæði eftir lokun. Engin ummerki skulu vera um starfsemina utan skilgreinds sölutíma.
- Leyfishafi skal annast snjómokstur og hálkuvarnir í nánasta umhverfi sínu, þannig að öryggi vegfarenda verði á hverjum tíma tryggt.
- Leyfisskírteini skal vera sýnilegt viðskiptavinum í söluaðstöðu.
- Um útlit, stærð og þyngd á hverju sölusvæði gilda tilteknar takmarkanir sbr. töflu 1 í gr. 3.2.
- Óheimilt er að staðsetja bifreið á sölusvæði nema rétt á meðan tenging og aftenging vagns á sér stað.

Verði misbrestur á ofangreindu geta borgaryfirvöld að undangenginni viðvörun látið fjarlægja söluaðstöðu, hreinsa sölusvæðið á kostnað leyfishafa og felldu leyfi úr gildi.

5. gr.

Útlit og merkingar

Útlit söluaðstöðu skal fara vel í umhverfinu og efnisnotkun, ásýnd og yfirbragð vera vandað og við hæfi þar sem salan á að eiga sér stað. Við afgreiðslu umsókna er leitast við að ná fram fjölbreytileika í gerð, formi og útliti söluaðstöðu.

Óheimilt er að setja upp hvers kyns auglýsingaskilti og merkingar varðandi söluaðstöðu utan við skilgreint sölusvæði. Skilti og merkingar innan skilgreinds sölusvæðis mega aðeins auðkenna viðkomandi sölustarfsemi og gilda þar um takmarkanir á stærð og útliti sbr. „Reglur um afnot af borgarlandi vegna skilta og útstillinga“.

Öll viðföng, ruslafötur, skilti, merkingar og hvað annað sem tilheyrir starfseminni skal staðsetja innan þess svæðis sem leyfið kveður á um.

Óheimilt er að hengja varning, skilti eða aðrar merkingar, og borða og bönd í nærliggjandi tré, húsveggi, skilti, staura o.s.frv., nema með samþykki götu- og torgsölunefndar. Útstillingahlutir, skilti o.fl. mega ekki byrgja sýn á opinber skilti eða búnað til umferðarstjórnunar eða hindra umferð vegfarenda í borginni.

6. gr.

Almenn ákvæði og skilmálar

Götu- og torgsöluleyfi er ekki hægt að framselja eða framleigja, nema fyrirtækið ásamt kennitölu verði selt í heild sinni.

Götu- og torgsölu er óheimilt að stunda annars staðar en leyfið kveður á um.

Götu- og torgsala má ekki skerða öryggi og aðgengi gangandi, hjólandi og akandi umferðar eða birgja glugga rekstraraðila á sölusvæðinu. Gerð er sú krafa að frí gangstéttarbreidd sé minnst 1,5 m.

Götu- og torgsölunefnd hefur heimild til að loka tilteknum götu- og torgsölusvæðum ef fyrirhugaðar skipulagsbreytingar, framkvæmdir eða aðrar óviðráðanlegar aðstæður gefa tiltefni til.

Borgin leggur áherslu á umhverfisvæna starfsemi.

Tryggja skal að ekki hljótist mengun af starfseminni.

Mælst er til að söluaðstaða sé flutt eftir stígum almenningsgarða, gangstéttum og torgum með handafli eða þar til gerðum rafbúnaði.

Gerð er krafa um að ekki séu notuð einnota áhöld úr plasti eða plastumbúðir, s.s hnífapör, diskar, drykkjarrör, glös, pokar o.s.frv.

Mælst er til að boðið sé upp á barnaskammta til að stemma stigu við matarsóun.

Gerð er krafa um að notaðar séu umhverfisvottaðar vörur.

Gerð er krafa um að rusl sé flokkað bæði innan og utan söluvagns í þar til gerðar flokkunartunnur.

Lágmarka skal lausagang bifreiða í tengslum við flutning söluaðstöðu.

7. gr.

Framlenging, uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis

Eftirfarandi ákvæði gilda um framlengingu, uppsögn, lok og afturköllun söluleyfis:

- Leyfisveitanda er heimilt að framlengja leyfi að ósk leyfishafa með eins árs leigusamning í tvö skipti sem veitir leyfishafa möguleika á að starfa á sama stað í allt að þrjú ár. Leyfishafa ber að sækja um framlengingu með tölvupósti fyrir 15. janúar ár hvert. Að öðrum kosti fellur leyfi úr gildi án sérstakrar uppsagnar.¹
- Leyfi getur að undangenginni viðvörðun verið felld úr gildi hafi leyfishafi brotið ákvæði þessarar samþykktar.
- Leyfi getur hvenær sem er verið afturkallað ef áform eru um að svæðið verði notað í opinberum tilgangi. Skal þá endurgreiða leyfishafa eftirstöðvar leyfisgjalds.
- Leyfi getur verið afturkallað ef samfelld rof myndast í sölustarfsemi í meira en einn mánuð.
- Leyfishafa er gert skylt að víkja eða eftir atvikum laga sig að skipulagsbreytingum, framkvæmdum eða öðrum óviðráðanlegum aðstæðum, ásamt viðburðum á götu- og torgsölusvæðum sem geta leitt til tímabundins flutnings og/eða afturköllunar leyfis. Leyfishafa skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir með fyrirvara. Ekki er endurgreitt leyfisgjald né greiddar bætur af nokkru tagi fyrir tímabundna afturköllun á götu- og torgsöluleyfi vegna veghalds eða annarra verkefna veghaldara og landeigenda, t.d. þar sem lagnir eða leiðslur hafa brostið.

¹ Ákvæði þetta á einnig við um söluleyfi sem samþykkt eru á eldri samþykkt um götu- og torgsölu í Reykjavík, frá 7. desember 2017.

- Við uppsögn leyfis hvílir sú kvöð á leyfishafa að fjarlægja strax söluaðstöðu, þ.m.t. alla fylgihluti og innréttingar, af sölusvæði. Ef verkið er ekki unnið innan tilgreinds tímafrests áskilur USK sér rétt til að framkvæma þá vinnu á kostnað viðkomandi leyfishafa.
- Leyfisgjald fæst ekki endurgreitt eftir að leyfi hefur verið gefið út, nema í þeim tilfellum sem fjallað er um í 3. mgr. þessarar greinar.

8.gr.

Aðrar reglur og yfirvöld

Leyfi um götu- og torgsölu skv. samþykkt þessari gildir ekki á hátíðum sem fara fram á borgarlandinu í miðborgarkjarna, svo sem 17. júní, Menningarnótt og Reykjavík Pride. Sækja þarf sérstaklega um leyfi hjá skrifstofu menningarmála hjá Reykjavíkurborg sem sér um leyfisveitingu fyrir hönd þessara hátíða og í samstarfi við viðburðarhaldara.

Leyfishafar skulu hlíta gildandi lögum, reglum og viðmiðum sem ná yfir starfsemina og umgjörð hennar. Í þeim tilvikum sem starfsemin krefst frekari leyfa en götu- og torgsöluleyfis skal leyfisumsækjandi afla þeirra.


Eftirlit er haft með leyfishöfum götu- og torgsölu. Óleyfisstarfsemi verður tilkynnt til lögreglu.

9. gr.

Gildistaka

Við gildistöku samþykktar þessarar fellur úr gildi samþykkt borgarráðs um götu- og torgsölu dagsett 12. desember 2017.

Fylgiskjal 2



Fylgiskjal 3

Arnarhóll stæði – Dagsala



1 stæði fyrir dagsölu
Aðeins sjálfbærir|vagnar
Flokkur A og C
Aðkoma um Hverfisgötu

Hlemmur stæði – Dagsala




2 stæði fyrir dagsölu
Rafmagn
Flokkur A, C og D
Aðkoma um Laugaveg

Skólavörðuholt stæði – Dagsala




2 stæði fyrir dagsölu (Frakklandsгарður og við Tækniskóla)
Rafmagn
Flokkur A, C og D
Aðkoma um Frakkastíg
Umferð dráttarbíla ekki leyfð á stæði 2

Kalkofnsvegur stæði – Dagsala



1 stæði fyrir dagsölu
Aðeins sjálfbærir vagnar
Flokkur A og C
Aðkoma um Kalkofnsveg

Mæðragarður stæði – Dagsala



2 stæði fyrir dagsölu
Rafmagn
Flokkur A, C og D
Aðkoma um Lækjargötu

Vitatorg stæði - Dagsala




4 stæði fyrir dagsölu
Rafmagn
Flokkur A, C og D
Aðkoma um Vitastíg

Lækjartorg – Kvöld- og nætursala



6 stæði fyrir kvöld- og nætursölu
Rafmagn á tveimur stöðum
Flokkur A, C, D og E
Aðkoma um Austurstræti

Fógetagarður stæði - Dagsala



3 stæði fyrir dagsölu


Rafmagn

Flokkur A og C

Þröng aðkoma um Kirkjustræti

Umferð dráttarbíla ekki leyfð

Lækjartorg/Austurstræti Markaðssala - einyrkjar



Tjaldaðstaða markaðssala - einyrkja

Fylgiskjal 4

Götu- og torgsala					
Gjaldskrá					
Götu- og torgsöluleyfi					
Lýsing	Eining	2018 Gjaldskrá	2017 Verð	2016 Verð var	Hækkun verðlags
1. Markaðssvæði (Torgsöluleyfi) 3.1.					
- Bernhöftstorfa	mánaðarleyfi	21.600	21,100	20,600	2,4%
- Lækjartorg	mánaðarleyfi	21.600	21,100	20,600	2,4%
- Ingólfstorg	mánaðarleyfi	21.600	21,100	20,600	2,4%
- Frakkland efst á Frakkastíg	mánaðarleyfi	21.600	21,100	20,600	2,4%
2. Dagsölusvæði 3.2.1					
• Skólavörðuholt - 1 stæði.	ársleyfi	200.000	158,600	154,800	2,5%
• Fógetagarður - 3 stæði	ársleyfi	150.000	105,700	103,200	2,4%
• Vitatorg 4 stæði.	ársleyfi	150.000	105,700	103,200	2,4%
• Mæðragarður - 2 stæði.	ársleyfi	150.000	105,700	103,200	2,4%
• Hlemmur - 2 stæði.	ársleyfi	150.000	105,700	103,200	2,4%
• Frakkastígur (Frakkland) - 1 stæði.	ársleyfi	200.000	158.600		
• Amarahóll - 1 stæði.	ársleyfi	200.000	158.600		
• Kalkofnsvegur - 1 stæði.	ársleyfi	200.000	158.600		
• Bernhöftstorfa 2 stæði.	ársleyfi	150.000	105,700		
3. Nætursala 3.2.2					
- Lækjartorg	ársleyfi	350.000	264,200	258,000	2,4%
4. Hverfasvæði 3.2.3					
	mánaðarleyfi	21.600	21,100		
5. Sérstök sölusvæði vegna stærri viðburða 3.2.4					
- 17. júní	dagsleyfi	55.000	52,900	51,600	2,5%
- Gay-pride	dagsleyfi	80.000	79,500	77,400	2,7%
- Menningarnótt	dagsleyfi	110.000	105,700	103,200	2,4%
6. Sumarsala 3.2.5					
	mánaðarleyfi	21.600	21,100		
7. Stærri markaðsviðburðir 3.3					

Liðir 5. og 7. falla niður við endurskoðun samþykktarinnar, þar sem sérstök ákvæði um viðburði hafa verið felld úr gildi. Skrifstofa menninga- og ferðamála tekur við málaflokki.